

óbreytt—og séu þá að eins rétt—þó alt annað breytist. Þeim ferst líkt og manni þeim, sem vildi búa til nýjan streng og hefði einn þáttinn gamlan, vegna þess að einhver hefði einhvern tíma sagt, að sá þáttur væri óbilandi. En reynslan mundi kenna honum, að allir þættirnir þörfuðust endurnýjungar við.

Enginn hugsandi maður eða kona getur svo verið, að gera sér ekki grein fyrir eðli trúarbragðanna. Það er hægt að gera það á tvennan hátt, það er hægt að taka þá útskýringuna, sem fyrst býðst, og láta hana síðan duga, hver svo sem hún er; og flestir fylgja þeirri aðferðinni. Það er líka hægt að leita útskýringarinnar sjálfur, að nota eigin hugsun til þess að komast í skilning um hið sanna í þessu efni. Afleiðingarnar af þessum aðferðum eru auðsénar. Enginn, sem lætur sér nægja fyrstu útskýringu, kemst lengra heldur en hún nær, sé hún röng verður hans skoðun líka röng. Hann lætur rétttrúnaðar glamuryrðin villa sjónir fyrir sér. Hinn, sem leitar útskýringarinnar sjálfur með aðstoð þeirra manna, er hið sama hafa gjört á undan, kemst að eins rétttri niðurstöðu og hann er fær um. Það stendur rétt á sama, hvort hún er sú bezta, sem til er eða ekki, ef hún er það bezta, sem einstaklingurinn getur gert, með þeim skilningi, er honum hefir verið gefinn, þá sannarlega hefir hann gjört alt, sem í hans valdi stendur, til að komast að rétttri niðurstöðu. Og er það ekki sú réttasta niðurstaða? Er ekki „ljósið, sem býr í oss sjálfum“, beztí leiðarvísinninn, þegar allt kemur til alls? Sá, sem því trúir, skilur óneitanlega mikinn sannleik í sínu eigin lífi, nefnilega framþróunarlögmálið, sem þar starfar, sé því leyft að starfa. Og að skilja þroskunina í sínu einstaklingslífi, er að skilja hana alstaðar um allan heim, það er að sjá framförina, þróunina, til betri og hærri tilveru í mannlífinu og öllum þess stofnunum, og ekki hvað sízt í trúarbrögðunum, sem hafa svo atarmikla þýðingu fyrir mannlífsheildina á öllum tímum.

*Guðm. Árnason.*

